

## GÁTLISTI vegna móttöku erlendra starfsmanna hjá Akureyrarbæ

### [EES/EFTA](#) ríkisborgari og [norrænn ríkisborgari](#)

Dvöl [skemmur](#) en 3 mánuðir

- ✓ Starfsfólk með kerfiskennitölu eiga rétt á [persónuafslætti](#) fyrir vinnu sem unnin er á tímabilinu.
- ✓ Ekki er heimilt að endurgreiða [iðgjöld](#) til erlendra ríkisborgara innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES).
- ✓ **Athugið** að skráning á utangarðsskrá er eingöngu fyrir einstaklinga sem dvelja skemur en 3 á Íslandi. **Skráningin veitir engin réttindi á Íslandi!** Mikilvægt er að koma þessum upplýsigum til erlends starfsfólks.
- ✓ Ef umsækjandi er komin með kennitölu nú þegar þarf að athuga hvort hún sé skráð hjá [þjóðskrá](#) annars er talað um kerfiskennitölu.
- ✓ Evrópska sjúkratryggingakortið ([ES kortið](#)) er notað ef einstaklingur veikist eða slasast á Íslandi. ES kortið staðfestir rétt til heilbrigðisþjónustu sem verður nauðsynleg meðan á tímabundinn dvöl stendur.

Dvöl [umfram](#) 3 mánuði

- ✓ Umsókn um skráningu hjá Þjóðskrá Íslands ([A267](#), [A266](#))

Upplýsa þarf erlent starfsfólk um:

- ✓ laun og önnur starfskjör, og vísa á stéttarfélag fyrir frekari upplýsingar um réttindi og skyldur
- ✓ íslenskukennslu hjá [SIMEY](#) og endurgreiðslu frá stéttarfélagi
- ✓ réttindi til að sækja um [húsnæðisbætur](#)

Ríkisborgari lands utan EES/EFTA þarf að hafa [dvalarleyfi](#).

Einnig er hægt að vísa viðkomandi einstakling á [Alþjóðastofu Akureyrarbæjar](#).